

Fimmtudaginn 23. september 1943.

Kærumálið nr. 9/1943. Þorkell Teitsson

gegn

Stefáni Péturssyni.

Frávisun.

Dómur hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson lögmaður hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Með kæru, dagsettri 12. ágúst þ. á., er kom til hæstaréttar 11. þ. m., hefur sóknaraðili skotið til hæstaréttar ákvæði um málskostnað í dómi bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum 3. júlí þ. á., í málinu nr. 148/1943: Þorkell Teitsson gegn Stefáni Péturssyni og krefst þess, að téð ákvæði verði úr gildi fellt og að varnaraðili verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í héraði í máli þessu samkvæmt framlögðum reikningi, samtals kr. 345.90. Svo krefst sóknaraðili þess og, að varnaraðili verði dæmdur til að greiða honum kærumálskostnað eftir mati dómsins. Varnaraðili hefur ekki sent hæstarétti greinargerð um málið.

Samkvæmt 199. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 186. gr. sömu laga, mátti sóknaraðili kæra dómsathöfn þá, er í máli þessu greinir, innan viku frá uppkvaðningu héraðsdóms. Þar sem kæran var ekki borin fram fyrr en eftir lok greinds frests, verður að vísa kærumáli þessu ex officio frá hæstarétti.

Varnaraðili hefur ekki komið fyrir hæstarétt, og fellur málskostnaður því niður.

Því dæmist rétt vera:

Kærumáli þessu visast frá hæstarétti.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. júlí 1943.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. f. m., hefur Þorkell Teitsson, póstafgreiðslumaður í Borgarnesi, höfðað fyrir bæjarþinginu eftir árangurslausa sáttatilaun með stefnu, útgefinni 14. apríl s. l., gegn Stefáni Péturssyni ritstjóra, Hringbraut 218 hér í bænum, út af meiðandi og móðgandi ummælum um póstafgreiðsluna í Borgarnesi og

stefnanda persónulega, sem birzt hafa í *Alþýðublaðinu* og stefnandi telur stefndan bera ábyrgð á, en hin átöldu ummæli eru þessi:

1. Svo hljóðandi grein, er birtist í *Alþýðublaðinu* 24. júlí f. á., undirrituð með dulnefninu: „Hannes á horninu“.

„Enn um slæmar póstsamgöngur. — Bréf frá verzlunarmanni. — Hvað dvelur póststjórnina?“

Ég hef áður gert nokkuð að umtalsefni ástandið í póstmálum okkar, en þar ríkir nú hið mesta sleifarlag. Þetta á fyrst og fremst við ýmsar póstafgreiðslur úti um land, og virðist það harla ein-kennilegt, að slíkt skuli vera látið viðgangast.

Í gær fékk ég bréf frá verkamanni. Hann segir: „Þú talar stundum um slæmar póstsamgöngur. Ég hef fengið reynslu fyrir því, að þessi skrif þín eru ekki ástæðulaus. Kona mín fór upp í Borgarfjörð í vor, og hún dvelur þar. Fyrir nokkru fór ég að heimsækja hana, og frétti ég þá hjá henni, að hún hefði skrifað mér bréf fyrir þrem vikum og sett það í pósthúsið í Borgarnesi. Þetta bréf hafði ég ekki fengið.“

Þegar ég hélt heimleiðis, fór ég í prósthúsið í Borgarnesi, svona að gamni mínu, og hvað heldurðu, að ég hafi fundið þar? Ég fanu bréfið frá konunni; þar hafði það þá legið í þrjár vikur og ekki farið enn af stað. Nú spyr ég: Hvað á svona afgreiðsla að þýða? Þetta er hrein svikastarfsemi.“

Það er engin furða, þó að bréfritarinn sé reiður. Ég hygg, að þessi póstafgreiðsla í Borgarnesi sé með þeim verstu.“

— — —
„Hvers vegna er ekki reynt að koma í lag misfellum, sem eru á póstafgreiðslunni? Ég vildi mjög mælast til þess, að þetta yrði at-
hugað þegar í stað. En á meðan það er ekki gert, væri mér þökk í því, að fólk sendi mér sönn og rétt dæmi um sleifarlag í pósta-
fgreiðslu.“

Hannes á horninu.“

Er greinin í heild átalín, en sérstaklega þau ummæli í greininni, er hér skal greina: „slæmar póstsamgöngur“ „hið mesta sleif-
arlag“ „þú talar stundum um slæmar póstgöngur. Ég hef feng-
ið reynslu fyrir því, að þessi skrif þín eru ekki ástæðulaus“
„Þar hafði það þá legið í þrjár vikur og ekki farið enn af stað“
„Hvað á svona afgreiðsla að þýða?“ „Þetta er hrein svikastarfsemi“
„engin furða þó bréfritarinn sé reiður“ „Ég hygg, að þessi pósta-
fgreiðsla í Borgarnesi sé með þeim verstu“ „koma í lag mis-
fellum“ „um sleifarlag í póstaftgreiðslu“.

2. Svo hljóðandi grein, sem birt var í *Alþýðublaðinu* 5. febrúar þ. á., undirrituð með sama dulnefni og hin greinin:

„Slæm póstaftgreiðsla.“

„Réttlátur skrifar enn: „Enn þarf ég að kvarta fyrir þér gagn-
vart þessum sérstaka reglumanni, eða hitt þó heldur. Ég á við þenna háæruverða póstaftgreiðslumann í Borgarnesi. Ég sendi

smápakka að Slitandastöðum í Staðarsveit og varð að borga 8 krónur undir hann, svo að ég væri öruggur, að hann kæmist fyrir jól.

Ég fór með hann niður á pósthús um miðjan desember og taldi það öruggt, að hann kæmist til skila í tæka tíð. En svo fékk ég núna bréf, sem er skrifað 27. janúar, og pakkinn kom 24. janúar.

Ég hef áður haft nokkra reynslu af póstaðgreiðslu þessari og ritaði þér þá um þetta. Ég fékk enga skýringu á því þá. Ef til vill fæ ég hana nú. Ég veit, að viðar er pottur brotinn í þessu efni. En hart finnst mér það að þurfa að borga 8 krónur undir pakka til svo að segja næstu sveitar, og svo kemst hann ekki á ákvörðunarstaðinn, fyrr en næstum því hálfum öðrum mánuði eftir að hann er sendur.“

Hannes á horninu.“

— — —
Einnig þessi grein er átalín í heild, en sérstaklega þau ummæli hennar, sem hér segir:

„Slæm póstaðgreiðsla“

„Enn þarf ég að kvarta fyrir þér gagnvart þessum sérstaka reglumanni, eða hitt þó heldur. Ég á við þennan háæruverða póstaðgreiðslumann í Borgarnesi“ „pakkinn kom 24. janúar“ „Ég hef áður haft nokkra reynslu af póstaðgreiðslu þessari“ „Ég veit, að viðar er pottur brotinn í þessu efni“ „kemst hann ekki á ákvörðunarstaðinn, fyrr en næstum því hálfum öðrum mánuði eftir að hann er sendur“..“

Hefur stefnandi gert þær dómkröfur, að framangreindar meiðandi og móðgandi blaðagreinar í heild og sérstaklega ofan nefnd einstök ummæli þeirra verði dæmd dauð og ómerk, að stefndur verði dæmdur til hinnar þyngstu refsingar fyrir greinarnar og ummælin, sem lög frekast leyfa, og að stefndur verði dæmdur til þess að greiða stefnanda málkostnað eftir mati réttarins.

Stefndur hefur látið sækja þing, en ekki haft uppi neinar varnir í málinu, og verða kröfur stefnanda um ómerkingu ummælanna því teknar til greina að fullu. Þá þykir og eiga að refsa stefndum fyrir hin móðgandi ummæli, sem hafa á engan hátt verið réttlætt, og þykir refsingin hæfilega ákveðin 175 króna sekt í ríkissjóð og komi í stað sektarinnar 12 daga varðhald, verði hún ekki greidd innan aðfararfrests í máli þessu, en í málskostnað þykir hæfilegt, að stefndur greiði stefnanda kr. 125.00.

Því dæmist rétt vera:

Framangreind meiðandi og móðgandi ummæli skulu vera ómerk. Stefndur, Stefán Pétursson, greiði 175 króna sekt í ríkissjóð, og komi í stað sektarinnar 12 daga varðhald, verði hún ekki greidd innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Enn fremur greiði stefndur stefnanda, Þorkatli Teitssyni, kr. 125.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 24. september 1943.

Kærumálið nr. 8/1943. Magnús Andrússon

gegn

Jóni Gíslasyni og Eric Christiansen

Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson
í stað hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Krafa um frest ekki tekin til greina.

Dómur hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson lögmaður hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Með kæru 23. júní þ. á., sem hingað kom 11. þ. m., hefur sóknaraðili skotið til hæstaréttar úrskurði, kveðnum upp í bæjarþingi Reykjavíkur 17. júní þ. á., þar sem honum er synjað frekari frests. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og frestur veittur. Varnaraðili hefur hvorki lagt fram kröfur fyrir hæstarétti né sent greinargerð.

Eftir uppkvaðningu dóms hæstaréttar 8. apríl þ. á., fóru fram vitnaleiðslur í málinu. Er málið kom fyrir bæjarþing Reykjavíkur 6. maí þ. á., lagði umboðsmaður varnaraðilja fram tvö skjöl, skýrslu Jóns Gíslasonar til hans og yfirlýsingu skipstjórans og vélstjórans á Hásk. Þann 5. júní lagði umboðsmaður varnaraðilja fram dagbók Háks, og fékk umboðsmaður sóknaraðilja þá frest til 10. júní, en umboðsmaður varnaraðilja kvaðst ekki mundu samþykkja frekari frest. Á dómþingi síðastnefndan dag baðst umboðsmaður sóknaraðilja enn 2ja vikna frests, þar sem 3 greind dómskjöl, sem hann hafði mótmælt sem óstaðfestum, veittu efni til aðilja-yfirheyrslu og vitnaleiðslu.

Samkvæmt 110. gr. laga nr. 85/1936 ber aðiljum að nota sama frest jöfnum höndum, eftir því sem við verður komið, til öflunar gagna. Umboðsmanni sóknaraðilja veittist þegar